

Starfsskilyrði fyrir starfsemi þar sem notað er kælikerfi sem inniheldur flúoraðar gróðurhúsalofttegundir eða ósoneyðandi efni sem og þjónusta við þau kerfi

Samræmd starfsskilyrði vegna mengunarvarna, skv. 5 gr. reglugerðar um skráningarskyldan atvinnurekstur nr. 830/2022, sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, með síðari breytingum.

Rekstraraðila ber ávallt að uppfylla skilyrði þessi og almenn skilyrði. Einnig skal tryggja að starfsemi hans sé í samræmi við ákvæði laga um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerða settar samkvæmt þeim.

1. FLÚORAÐAR GRÓÐURHÚSALOFTTTEGUNDIR (F-GÖS)

	Rgl.nr.
1.1 Flytji rekstraraðili inn HFC-efni skal hann hafa innflutningsheimildir frá Umhverfisstofnun.	9. gr. reglugerðar nr. 1066/2019.
1.2 Rekstraraðili skal aðeins afhenda flúoraðar gróðurhúsalofttegundir þeim aðilum sem hlotið hafa vottun skv. 7. gr. reglugerðar nr. 1066/2019 eða starfi fyrir fyrirtæki sem hefur vottun skv. 8. gr. sömu reglugerðar.	5. gr. reglugerðar nr. 1066/2019.
1.3 Merkingar skulu vera til staðar á vörum og/eða búnaði rekstraraðila sem inniheldur F-gös.	6. gr. reglugerðar nr. 1066/2019 og 12. gr. reglugerðar (ESB) nr. 517/2014.
1.4 Óheimilt er að nota flúoraðar gróðurhúsalofttegundir með hnatthlúnunarmátt upp á 2500 eða meira til að þjónusta eða viðhalda kælibúnaði með áfyllingarstærð upp á 40 tonn af jafngildiseiningum koltvísýrings eða meira. Bannið gengur ekki í gildi fyrr en 1. janúar 2030 fyrir endurunnar og endurnýttar flúoraðar gróðurhúsalofttegundir sem notaðar eru til að viðhalda eða þjónusta kælibúnað sem er þegar í notkun, að uppfylltum skilyrðum reglugerðarinnar.	13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 517/2014, sbr. reglugerð nr. 1066/2019.

<p>1.5 Tryggja skal að starfsfólk og fyrirtæki sem þjónustar búnað sem inniheldur flúoraðar gróðurhúsalofttegundir hafi til þess gilda vottun.</p>	<p>7. og 8. gr. reglugerðar nr. 1066/2019.</p>
<p>1.6 Rekstraraðili skal tryggja að kerfið sé lekaleitað innan þeirra tímamarka sem mælt er fyrir um í 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 517/2014, sbr. reglugerð nr. 1066/2019.</p>	<p>4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 517/2014, sbr. reglugerð nr. 1066/2019.</p>
<p>1.7 Rekstraraðila kælikerfis ber að hindra leka flúoraðra gróðurhúsalofttegunda. Verði vart um leka skal viðgerð fara fram án tafar. Ef gert er við búnaðinn vegna leka skal lekaprófa hann aftur innan mánaðar til að tryggja að viðgerðin hafi heppnast.</p>	<p>41. gr. efnalaga nr. 61/2013 og 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 517/2014, sbr. reglugerð nr. 1066/2019</p>
<p>1.8 Lekagreiningarkerfi skal vera til staðar á kerfum sem innihalda 500 tonn jafngildiseininga koltvísýrings eða meira af flúoruðum gróðurhúsalofttegundum. Rekstraraðili skal sjá til þess að lekagreiningarkerfið sé skoðað með minnst 12 mánaða millibili til að tryggja að það virki sem skyldi.</p>	<p>5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 517/2014, sbr. reglugerð nr. 1066/2019</p>
<p>1.9 Rekstraraðili skal hafa reglulegt eftirlit með rekstrarþáttum sem geta haft í för með sér mengun eða losun efna út í umhverfið. Rekstraraðili skal skrá upplýsingar um eftirfarandi atriði og skulu skráningar vera aðgengilegar eftirlitsaðila:</p> <ol style="list-style-type: none"> magn og tegund flúoraðra gróðurhúsalofttegunda sem eru settar upp, magn flúoraðra gróðurhúsalofttegunda sem er bætt við í uppsetningu, við viðhald eða þjónustu eða vegna leka, hvort magn uppsettra flúoraðra gróðurhúsalofttegunda hefur verið endurrunnið eða endurnýtt, ásamt heiti og heimilisfangi endurvinnslu- eða endurheimtarstöðvarinnar og, þegar við á, númer starfsleyfisskírteinis þess, magn flúoraðra gróðurhúsalofttegunda sem er endurheimt, kennitölu fyrirtækisins sem setti upp, þjónustaði, hélt við og, ef við á, gerði við eða úrelti búnaðinn, þ.m.t. ef við á, númer starfsleyfisskírteinis þess, dagsetningar prófana sem voru gerðar skv. 1. til 3. mgr. 4. gr. og niðurstöður þeirra, ef búnaðurinn var úreltur: hvaða ráðstafanir voru gerðar til að endurheimta og farga flúoruðu gróðurhúsalofttegundunum. 	<p>6. gr. reglugerðar (ESB) nr. 517/2014, sbr. reglugerð nr. 1066/2019</p>

1.10 Fyrirtæki sem afhenda flúoraðar gróðurhúsalofttegundir skulu koma sér upp skráum með viðeigandi upplýsingum um kaupendur flúoraðra gróðurhúsalofttegunda sem m.a. innihalda eftirfarandi upplýsingar: a. skírteinisnúmer kaupendanna og b. keypt magn af flúoruðum gróðurhúsalofttegundum	6. gr. reglugerðar (ESB) nr. 517/2014, sbr. reglugerð nr. 1066/2019
1.11 Verði rekstri hætt, tímabundið eða varanlega, eða reksturinn stöðvast óvænt skal áætlun vegna rekstrarstöðvunar vera til staðar til þess að kælimiðillinn sé endurheimtur af aðila sem hefur til þess vottun og honum komið í viðeigandi farveg til endurvinnslu eða förgunar.	

Starfsskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:

Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, efnalög nr. 61/2013, reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni, byggingarreglugerð nr. 112/2012, reglugerð 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH), reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna, reglugerð nr. 1066/2019 um flúoraðar gróðurhúsalofttegundir.